

Ellert var misboðið

Sérfræðipækking hans ekki talin einhlít í útvarpsráði

Ellert B. Schram alþingismaður og íþróttarfrömuður sat hjá við atkvæðagreiðslu í útvarpsráði í gær um ráðningu auka umsjónarmanns með íþróttafni í sjónvarpi og lét bóka, að það gerði hann

af því að ekkert tillit væri tekið til skoðana hans um þetta efni.

Hinir ráðamennirnir sex samþykktu tillögu Emils Björnsson fréttastjóra um aukna fjölbreytni í framsetningu og samsetningu íþróttafnisins með að fá sérhæfða menn til að lýsa íþróttavíburðum í greinum sem mest eru stundaðar hérlandis eða krefjast sérfræðipækkingar og ennfremur að fá sérstakan umsjónarmann til að annast annanhvern mánu dagsþátt, ma. til að létta óhóflegu vinnuálgi af fastráðna íþróttarfréttamanninum.

Tillaga Emils byggist á niðurstöðum mikilla umræðna sem að undanförunu hafa farið fram í útvarpsráði um íþróttafni sjónvarpsins, þar sem ma. hefur komið fram sá vilji, að innan íþróttatímans, sem er 12-15% af útsendingartíma sjónvarpsins í heild sé sinnt sem flestum greinum og þám. almenninguþróttum, en einstaka greinar sitji ekki í algeru fyrirrúmi, þótt vinsælar séu af mörgum. Ellert B. Schram hefur ekki tekið þátt í þessum umræðum vegna kosninganna og kom í ljós í gær, að hann telur engar sérstakar almenninguþróttir til staðar, íþróttahreyfingunni misboðið með frásögnum af slíku og sjálfum sér misboðið, með að fara ekki að hans vilja í þessu efni sem sérfræðings.

-v.h.



Ellert Schram

„Þar sem eldurinn aldrei deyr“

Afhent teppi Ásgerðar Búadóttur á Norrænu menningarmálaskrifstofunni

„Vefnaðinn kalla ég „Þar sem eldurinn aldrei deyr“. Nafnið er tvíþætt, og helgast annar þátturinn Íslandi, þar sem eldurinn undir býr, en hinn er í sýmbólskrif merkingu, um þann eld eða aflgjafa sem Menningarsjóður Norðurlanda á að vera og er í norrænni list og menningu“.

Þannig lýsti Ásgerður Búadóttir veggteppi sínu, sem hún var ráðin til að gera handa Norrænu menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, við afhendingu þess í fundarsal skrifstofunnar í Snaregade 10 í Höfn 17. desember s.l.

Verkið er þannig til komið, að stjórn Minningarsjóðs Norðurlanda ákvað á sínum tíma að verja allt að 50 þús. danskra króna til þess að kaupa listaverk handa Menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn frá aðildarlöndum sjóðsins. Var forstjóranum Klas Olofsson, og ráðuneytisstjóra danska menntamálaráðuneytisins, Ole Perch Nielsen, falið að annast framkvæmd málsins. Eftir athugun töldu þeir hentast að velja eitt listaverk og ákváðu að leita eftir að fá gerða vegg-ábreiðu á Íslandi. Var sú tilhögun samþykkt á fundi sjóðsstjórnar í júní 1978, og Ásgerður síðan fengin til að leysa verkið af hendi.

Viðstöðd afhendinguna var sjóðsstjórnin, sendiherrar Norðurlanda í Kaupmannahöfn og fleiri gestir og þess má geta, að í fundarsal Menningarmálaskrifstofunnar er auk veggteppisins stórt og fagurt málverk eftir Ásgrím Jónsson sem Ásgrímssafn lánadi menntamálaráðuneytinu handa skrifstofunni.



Ásgerður Búadóttir.

5. janúar n.k. verður opnuð sýning listamannahópsins „Koloristerne“ í Kaupmannahöfn og mun Ásgerður Búadóttir taka þátt í henni og sýna þá m.a. þetta teppi.

Helgi Hálfðanarson:

ATHUGASEMD

Í þessum mánuði hefur Þjóðviljinn tvívegis birt erlend ljóð í minni þýðingu og í bæði skipti með svo sláum villum, að ekki verður við unað; enda er ekki auðséð, að um prentvillur sé að ræða.

Í Jólabláði Þjóðviljans (hinu fyrsta) birtist kínerskt smáljóð, sem í þýðingasyrpu minni, Kínerskt ljóð frá liðnum öldum, nefnist Fæddur sonur en er þarna nefnt Sonur fæddur, hvað sem þeirri breytingu veldur. Þar hefur alleit prentvilla slægt inn í fjórðu ljóðlinu, sem að réttu lagi átti að vera: „af sjálfs mín gáfum spilltan“. Og í dag, 22. desember, er birt



Fyrir nokkrum árum horfði svo að stúdentshúfur legðust af enda þótti enginn róttækur nema að hafna slíkum skólasiðum. Nú virðist stúdentshúfan hafa náð sínum sessi á ný ef dæma má af þessari mynd af jólastudentum Flensborgar. — Ljós.: Troels Bendtsen.

Húfurnar settar upp fyrir jólin

Skólaslit haustannar í Flensborgarskóla fóru fram fimmtudaginn 20. desember s.l. og voru þá brautskráðir 37 stúdentar frá skólanum.

Meirihluti hinna nýju stúdenta hafði lokið námi á 7 námsönnum (3 1/2 ári), en sumir á 9 námsönnum og einn á 5 önnum, sem er óvenjulegt námsafrek.

Stúdentarnir skiptast þannig á brautir að 4 eru af eðlisfræðibraut, 10 af náttúrufræðibraut, 1 af báðum þessum brautum í senn, 4 af málabraut, 2 af félagsfræðibraut, 9 af uppeldisbraut og 7 af viðskiptabraut.

Bestum námsárangri náðu Steinunn Hauksdóttir, náttúrufræðibraut, sem lauk prófi eftir 7 anna nám, en hún hlaut 44 A og 7 B í einkunn, og Höskuldur Björnsson, eðlisfræðibraut, sem hlaut 39 A, 13 B og 2 C, en lauk prófi eftir aðeins 5 anna nám í skólanum (2 1/2 ár).

A önninni stundugu um 550 nemendur nám í skólanum á framhaldsskólastigi, og um 230 eru í 9. bekk grunnskóla, þannig að samtals voru í skólanum um 780 nemendur. Kennarar eru liðlega 60. Skólameistari er Kristján Bersi Ólafsson.



Ragnar Björnsson

Ragnar til Fóstbræðra

Ragnar Björnsson organisti hefur verið ráðinn söngstjóri Fóstbræðra frá áramótum og segir í frétt frá kórnum að bundnar séu miklar vonir um góðan árangur í samstarfi við hann.

Ragnar Björnsson er þjóðkunnur af störfum sínum að tónlistarmálum. Hann var stjórnandi Fóstbræðra nær öslitíð á árunum 1954-1970, stjórnar nú jólaóperu Þjóðleikhússins og er skólastjóri Nýja tónlistarskólans.

Jafnframt þessu mun verða ráðinn aðstoðarsöngstjóri til kórsins, sem m.a. mun annast um stjórn á æfingum. Helsta verkefni framundan hjá Fóstbræðrum eru samsöngvar fyrir styrktarfélag kórsins og mun verða bryddað upp á ýmsum nýjungum sem miða m.a. að fjölþættara verkefnavali. —AÍ



Stjórn Mæðrafélags Reykjavíkur og stjórn og starfsfólk Heilsumverndarstöðvarinnar, þegar gjöfin var afhent.

Mæðrafélagið gefur fósturhlustunartæki

Nýir tímar kalla á ný verkefni

Hinn 7. desember s.l. afhenti stjórn Mæðrafélags Reykjavíkur, mæðradeild Heilsumverndarstöðvar

Reykjavíkur, að gjöf tvö fósturhlustunartæki af vandaðri gerð.

Í ávarpi sem formaður mæðrafélagsins flutti við afhendingu gjafarinnar rakti hún m.a. að félagið var stofnað 1936 til þess að vera vinur og stóð einstæðra mæðra og barna, barðist ma. fyrir tilkomu barnaleikkvalla, sem þá voru nær óþekktir í borginni, og hefur alla tíð látið tryggingalögin og framkvæmd þeirra sig miklu skipta og lagt sitt til mála. Félagið stóð fyrir rekstri sumar-dvalarheimila fyrir börn, um langan tíma í Rauðhólum, og víðar í samvinnu við Verkakvennafélagið Framsókn.

Mæðrafélagið vill með gjöfinni þjóna upprunalegum tilgangi félagsins en jafnframt aðlagja sig að nýjum tímum sem kalla á ný verkefni.

Núverandi stjórn mæðrafélagsins skipa: Margrét Þórðardóttir, formaður, Brynhildur Skeggjardóttir, Rakel Björnsdóttir, Guðbjörg Magnúsdóttir, Stefania Sigurðardóttir, Agústa Erlendsdóttir, María Björnsdóttir.

Engin skemmtun á vegum LMF

Framkvæmdastjórn L.M.F. vill af gefnu tilefni taka fram eftirfarandi:

1) Sambandið stendur ekki fyrir neinni skemmtun fyrir félagsmenn núna um áramótin.

2) Óheimilt er að bendla nafn sambandsins við eitt eða neitt, nema með samþykki stjórnar L.M.F.

Framkvæmdastjórn L.M.F. og stjórn S.-L.M.F. óska félögum og landsmönnum öllum farsæls komandi árs.

(Frá L.M.F. (Landsambandi mennta- og fjölbrautaskólana-nemenda.)

Leiðrétting við Leiðara

Í forystugrein blaðsins í gær féllu niður tvö orð úr textanum og veldur það misskilningi. Rétt er setningin sem hér segir: „Sagan af tollheimtumanninum og fariseanum sem barði sér á brjóst og þakkaði guði fyrir að vera ekki eins og hinir kom óneitanlega upp í hugann.“

Reykjavík, 22. desember 1979
Helgi Hálfðanarson.